

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT**um sorphirðu í Hálshreppi**

1. gr.

Hálshreppur annast flutning á sorpi til förgunar. Flutningurinn fer fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi og sumarbústaðaeigendi skal nota sorpgáma í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd Hálshrepps ákveður staðsetningu gámana í sveitarfélaginu í samráði við heilbrigðisnefnd og viðkomandi landeiganda.

3. gr.

Í sorpgáma má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorpgámana spilliefni (umhverfismengandi úrgang).

4. gr.

Sorpgámar verða losaðir svo oft sem þurfa þykir.

5. gr.

Allur úrgangur sem ekki verður látinn í sorpgáma, skulu hlutaðeigendur sjálfir koma til viðurkenndrar förgunar á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

6. gr.

Iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem felur í sér fráfall úrgangs ber að sjá um að koma honum til förgunar sjálfir, eða semja um það við hreppsnefnd Hálshrepps. Þeir sem sjá um að koma úrgangi til förgunar sjálfir skulu fara eftir ákvörðun Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs.

7. gr.

Hreppsnefnd Hálshrepps ákveður árlegt sorphirðugjald á hvern notenda í gjaldskrá sem umhverfissráðherra staðfestir.

8. gr.

Hafi notandi fram að færa kvörtun, skal hann koma henni til hreppsnefndar Hálshrepps.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hálshreppi.

1. gr.

Sorphirðugjald í Hálshreppi skal vera kr. 2.500 ár hvert samkvæmt 7. gr. samþykktar um sorphirðu í Hálshreppi frá 10. febrúar 1995.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 583/1993.

1. gr.

5. liður 62. gr. B samþykktarinnar hljóðar svo:

Félagsmálaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvararnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40/1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.